# EFNISYFIRLIT




| | |
|---|---|
| 3 | Skipurit |
| 5 | Formáli stjórnar |
| 9 | Skýrsla og staðfesting stjórnar og forstjóra |
| 10 | Áritun endurskoðenda |
| 11 | Rekstrarreikningur |
| 12 | Efnahagsreikningur |
| 14 | Sjóðstreymi |
| 15 | Skýringar |
| 22 | Sundurliðanir |








# SKIPURIT




Fjármálaráðuneyti
Stjórn ÁTVR
Forstjóri
Ívar J. Arndal
Innri endurskoðun
Tæknisvið
Ágúst Hafberg
Framkvæmdastjóri
Fjárhagssvið
Ívar J. Arndal
Aðstoðarforstjóri
Fasteignasvið
Jóhann Steinsson
Framkvæmdastjóri
Sölu- og markaðssvið
Bjarni Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri
Innkaupadeild
Örn Stefánsson
Deildarstjóri
Gæðastjórnun
Anna K. Engilbertsd.
Deildarstjóri
Dreifingarmiðstöð
Eggert Bogason
Deildarstjóri
Vörudeild
Skúli Magnússon
Deildarstjóri
Bókhald
Gunnar Gunnarsson
Deildarstjóri
Fjármálastjórnun
Sigrún Ó. Sigurðard.
Deildarstjóri
Starfsmannastjórnun
Guðrún C. Emilsdóttir
Deildarstjóri
Innkaupadeild tóbaks
Anna K. Engilbertsd.
Deildarstjóri
Tölvudeild
Daði Gunnarsson
Deildarstjóri
Rekstrardeild vínbúða
Vefdeild
Einar S. Einarsson
Deildarstjóri
Vínbúðir
Útgáfu- og kynningarmál
Þórdís H. Yngvad.


ECI '02



# FORMÁLI STJÓRNAR



## ÁTVR framsækið og ábyrgt fyrirtæki

Samkvæmt margvíslegum skoðanakönnunum sem gerðar hafa verið undanfarið eru flestir viðskiptavinir ÁTVR nokkuð sáttir við þjónustu fyrirtækisins. Heilmikil framför og þróun hefur orðið á vöruúrvali, upplýsingagjöf, afgreiðslutíma og útliti verslana og hefur þeim fjölgað. Einnig hefur margt er lýtur að daglegum rekstri fyrirtækisins verið í stöðugri þróun s.s. vöruflæði, umhverfis- og gæðamál.

Í október fór stjórn fyrirtækisins, forstjóri og starfsmaður í heimsókn til áfengiseinkasala í Québec og Ontario í Kanada. Það var mikil upplifun fyrir þennan hóp að kynnast því hversu mikil þróun hefur orðið í þjónustu þessara fyrirtækja og hversu mikil sátt virtist vera um verðlagningu og rekstur þeirra. Í fyrirtækjunum hefur tekist að flétta saman afburðaþjónustu við viðskiptavinina en þau eru um leið álitin sýna ríka þjóðfélagslega ábyrgð í öllum sínum samskiptum. Þjónusta þeirra hefur þróast frá því að vera sambærileg við það sem tíðkast hefur hér á landi og á Norðurlöndum þar sem forræðishyggja er í fyrirrúmi og allt áfengi álitið vímugjafi, yfir í að áfengi er skilgreint sem gleðigjafi og krydd í tilveruna sé farið rétt með það og það sé eðlilegur hluti af matarmenningu. Öll markaðssetning þeirra byggist á því að stuðla að hóflegri og ábyrgri neyslu.

Í stærri verslunum eru skilgreind svæði fyrir ákveðna viðskiptavinahópa. Má þar nefna partísvæði, gjafasvæði og eðalvínhorn. Í stærstu verslununum eru margir möguleikar á vínsmakki og einnig hafa verið innréttuð horn með fullkomnu kennslueldhúsi þar sem haldin eru afar áhugaverð námskeið um mat og vín.

Ábyrgðin birtist í umtalsverðum stuðningi við margvíslegt forvarnarstarf þar sem m.a. rík áhersla er lögð á að áfengisneysla og akstur fara ekki saman. Að fenginni þessari jákvæðu reynslu vann stjórn og stjórnendur að stefnumótun fyrir komandi ár. Stefna ÁTVR er óbreytt en hinsvegar er það útfærsla hennar sem skiptir meginmáli og er það þjónusta við viðskiptavini fyrirtækisins sem nú mun fá mest vægi auk þess sem mótuð verður aðkoma ÁTVR að ýmsum forvarnarmálum.

Eftirfarandi verður okkur vegvísir við vinnu á framþróun ÁTVR á næstu árum:

## Hlutverk

ÁTVR annast sölu á áfengi og tóbaki fyrir hönd ríkisins á Íslandi. Til þess að geta rækt þetta hlutverk í sem mestri sátt við alla aðila markaðarins hefur stjórn ÁTVR samþykkt eftirfarandi leiðarljós og stefnu fyrir fyrirtækið.

## Leiðarljós

ÁTVR vill stuðla að ábyrgri neyslu áfengis með áherslu á tengsl matar og áfengra drykkja.







## Stefna

ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu, stuðla að jákvæðri vínmenningu og draga úr neyslu tóbaks.

## Stefnumið

Við gerum viðskiptavini okkar ánægðari

Við erum samfélagslega ábyrg

Við rekum ÁTVR á hagkvæman hátt

Við gerum starfsmenn okkar ánægðari

Við eflum samstarf við birgja

Við tryggjum öflugt gæðastarf

Til þess að koma þessum áherslubreytingum fyrirtækisins til skila til neytenda er nú verið að vinna að slagorði fyrir ÁTVR sem endurspeglar þær breytingar sem unnið verður að í fyrirtækinu. Tilgangurinn með notkun slagorðs er að fanga athygli viðskiptavinarins og efla hugarflug hans og gefa þeim og starfsmönnum sameiginlega sýn á það hvert fyrirtækið stefnir.

Ljóst er að áfengismenning Íslendinga hefur gjörbreyst á síðustu áratugum. Sala á léttum vínum er í stöðugri sókn og hefur hún aukist um 63% á síðustu 5 árum. Í þeim könnunum sem gerðar hafa verið á síðustu mánuðum kemur í ljós að 25% viðskiptavina ÁTVR bragðar létt vín einu sinni í viku, um 40% þeirra óska eftir að sækja vínnámskeið á vegum ÁTVR og 75% eru fylgjandi vínsmökkun í vínbúðum.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að góður jarðvegur virðist vera fyrir framþróun á þjónustu hjá ÁTVR. Starfsmönnum ÁTVR er því ekkert að vanbúnaði með að uppfylla stefnu fyrirtækisins um að vera framsækið og ábyrgt.

Stjórn fyrirtækisins mun leggja sitt af mörkum til þess að stefna hennar verði útfærð og framkvæmd á þann hátt að við séum ekki sporgöngumenn væntinga viðskiptavina okkar heldur skrefi á undan óskum þeirra.

Reykjavík, 27. apríl 2004.

Í stjórn:

Hildur Petersen

Sigurður M. Magnússon

Anna Margrét Jóhannesdóttir





# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA



Afkoma ÁTVR á árinu 2003 var betri en áætlað var. Vörusala var 1,7% minni en áætlanir gerðu ráð fyrir. Vörunotkun var minni en nam minnkun í vörusölu. Innkaupsverð tóbaks hélst áfram lágt vegna hagstæðrar gengisþróunar. Hagnaður ársins nam 427 m.kr.

Í lok nóvember 2002 tóku gildi lagaákvæði um gjald af tóbaksvörum og gjald af áfengi. Tóbaksgjald var hækkað verulega og eins var áfengisgjald af sterku áfengi hækkað. Innheimt tóbaksgjald nam 3.630 m.kr. á árinu 2003 og til samanburðar nam það 3.089 m.kr. árið 2002. Samdráttur í tóbakssölu nam 6,15% í magni.

Ný reglugerð um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins tók gildi 13. maí 2003. Meginbreytingar á reglugerðinni felast í því að deildaskipting ÁTVR í heildsölu og smásölu er afnumin. Ekki verður því gerður deildaskiptur ársreikningur fyrir rekstrarárið 2003.

Nýjar innkaupareglur fyrir áfengi tóku gildi 1. júlí 2003. Um var að ræða grundvallarbreytingu á vörustjórnun. Viðvera vöru í kjarna er nú metin eftir framlegð vörunnar.

Nýjar innkaupareglur fyrir tóbak tóku gildi 1. janúar 2003. Verið var að rýmka reglurnar lítils háttar og færa þær til samræmis við Evrópureglugerðir.

Sala áfengis nam 11.639 m.kr. með virðisaukaskatti og sala tóbaks 6.958 m.kr. með virðisaukaskatti. Áfengi seldist í 14.769.626 lítrum, þar af var bjórsala 11.396.511 lítrar. Sala vindlinga nam 317.092 þúsund stykkjum og af vindlum seldust 12.106 þúsund stykki. Magn selds neftóbaks var 11.660 kg.

Á árinu fengu 534 menn greidd laun hjá ÁTVR. Margir eru í hlutastarfi. Lætur nærri að ársverk hafi verið 269 og hefur þeim fækkað um 9 frá síðasta ári.

Verulegar endurbætur voru gerðar á vínbúðunum á Ísafirði, í Hafnarfirði og í Vestmannaeyjum. Vínbúðin á Eiðistorgi var flutt milli hæða í nýtt húsnæði. Nýjar verslanir voru opnaðar í Þorlákshöfn 15. maí og í Vík 19. júní. Í lok árs voru vínbúðir ÁTVR 42 auk netverslunar.

Stjórn og forstjóri ÁTVR staðfesta ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. apríl 2004.

Í stjórn:

Hildur Petersen

Sigurður M. Magnússon

Anna Margrét Jóhannesdóttir

Forstjóri:

Ívar J. Arndal.



# ÁRITUN ENDURSKOÐENDA



## Til stjórnar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins

Við höfum endurskoðað ársreikning Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 26. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum fyrirtækisins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á árinu 2003, efnahag 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 27. apríl 2004.

Sigurður Þórðarson,
ríkisendurskoðandi.

Kristjana Ólöf Sigurðardóttir,
endurskoðandi.



# REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2003



| | Skýr. | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Sala áfengis | | 9.349.188 | 9.087.600 |
| Sala tóbaks | | 5.589.136 | 5.256.902 |
| Aðrar rekstrartekjur | 9 | 36.114 | 35.298 |
| Rekstrartekjur | | 14.974.438 | 14.379.800 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Vörunotkun | 10,11 | 13.244.144 | 12.608.765 |
| Laun og launatengd gjöld | 12-16 | 761.516 | 728.187 |
| Húsnæðiskostnaður | | 206.563 | 205.829 |
| Bifreiðakostnaður | | 15.343 | 20.418 |
| Stjórnunar- og skrifstofukostnaður | | 109.262 | 137.409 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 153.387 | 145.133 |
| Afskriftir | 18 | 82.168 | 63.299 |
| Rekstrargjöld | | 14.572.384 | 13.909.040 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 402.055 | 470.760 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 17 | 25.165 | 42.409 |
| **Hagnaður ársins** | | 427.220 | 513.169 |

Fjárhæðir í þúsundum króna



# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2003



| | Skýr. | 31.12.2003 | 31.12.2002 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | | | |
| Fasteignir | | 731.705 | 758.349 |
| Innréttingar og annar búnaður | | 216.632 | 186.628 |
| Bifreiðar | | 53.867 | 58.616 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 3,18,19 | 1.002.204 | 1.003.593 |
| **Áhættufjármunir** | | | |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 10.767 | 10.763 |
| Áhættufjármunir | 4,20,21 | 10.767 | 10.763 |
| Fastafjármunir | | 1.012.971 | 1.014.356 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 5,22 | 892.022 | 980.588 |
| **Skammtímakröfur** | | | |
| Viðskiptakröfur | 6 | 629.501 | 562.176 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 675 | 790 |
| | | 630.176 | 562.966 |
| **Handbært fé** | | | |
| Sjóður og bankainnstæður | | 875.707 | 679.678 |
| | 7 | 875.707 | 679.678 |
| Veltufjármunir | | 2.397.905 | 2.223.232 |
| **Eignir alls** | | 3.410.876 | 3.237.588 |

Fjárhæðir í þúsundum króna

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2003



| | Skýr. | 31.12.2003 | 31.12.2002 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.427.085 | 2.132.865 |
| Eigið fé | 23 | 2.427.085 | 2.132.865 |
| **Skuldir** | | | |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ógreiddur kostnaður | | 59.391 | 38.555 |
| Lánardrottnar, innlendir | | 627.851 | 648.236 |
| Lánardrottnar, erlendir | | 126.117 | 209.682 |
| Virðisaukaskattur | | 170.432 | 208.250 |
| Skuldir | 8 | 983.791 | 1.104.723 |
| **Eigið fé og skuldir alls** | | 3.410.876 | 3.237.588 |
| Skuldbindingar | 24 | | |

Fjárhæðir í þúsundum króna



# SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2003



| | Skýr. | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | 427.220 | 513.169 |
| **Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:** | | | |
| Afskriftir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 18 | 82.168 | 63.299 |
| Sölutap af fastafjármunum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | 140 | 39 |
| Veltufé frá rekstri | | 509.528 | 576.507 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:** | | | |
| Birgðir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | 88.566 | ( 34.951 ) |
| Skammtímakröfur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | ( 67.210 ) | 18.157 |
| Skammtímaskuldir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | ( 120.932 ) | ( 60.978 ) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 99.576 ) | ( 77.772 ) |
| Handbært fé frá rekstri | | 409.952 | 498.735 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum . . . . . . . . . . | 18 | ( 82.733 ) | ( 82.155 ) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna . . . . . . . . . . . . . . . . | 18 | 1.814 | 333 |
| Keyptir eignarhlutar í félögum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 20,21 | ( 4 ) | ( 4 ) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 80.923 ) | ( 81.826 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Arður til ríkissjóðs . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 23 | ( 133.000 ) | ( 280.000 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 133.000 ) | ( 280.000 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 196.029 | 136.909 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | 679.678 | 542.769 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 875.707 | 679.678 |

Fjárhæðir í þúsundum króna

# SKÝRINGAR



## Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

1. Ársreikningur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

   Með reglugerð nr. 369 frá 13. maí 2003 er eldri reglugerð nr. 205/1998 felld úr gildi þar sem krafist var skiptingar á rekstri stofnunarinnar upp í heildsölu og smásölu. Ársreikningur ársins 2003 verður því ekki deildaskiptur.

   Ársreikningurinn er gerður samkvæmt óverðleiðréttri kostnaðarverðsreglu og er í íslenskum krónum. Að öðru leyti er hann í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og notaðar voru árið áður.

**Erlendir gjaldmiðlar og innlendar vísitölur**

2. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok en skuldir eru umreiknaðar á sölugengi. Viðskipti í erlendum gjaldeyri á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

   Peningalegar eignir og skuldir sem bundnar eru verðtryggingu eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2004. Breytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á framreiknuðu kostnaðarverði til ársloka 2001 en fjárfesting á árinu 2003 er færð á kostnaðarverði. Frá kostnaðarverði eru dregnar reiknaðar afskriftir.

   Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma eignunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

   Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma og eignarhaldstíma.

**Eignarhlutar í öðrum félögum**

4. Eignarhlutar í félögum eru færðir á upphaflegu kaupverði.

**Birgðir**

5. Birgðir samanstanda af endursöluvörum og rekstrarvörum. Birgðirnar eru metnar á síðasta innkaupsverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

**Skammtímakröfur**

6. Greiðslukortakröfur eru færðar meðal skammtímakrafna en á síðasta ári voru þær færðar með handbæru fé. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu 1.133.000 kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á árinu greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Gjaldfærð niðurfærsla á árinu | 1.133.000 |
| | 1.133.000 |

**Handbært fé**

7. Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir**

8. Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

**Aðrar rekstrartekjur**

9. Aðrar rekstrartekjur sundurliðast þannig:

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Sala umbúða og fleira | 35.398 | 34.474 |
| Húsaleiga | 856 | 863 |
| Söluhagnaður (sölutap) | ( 140 ) | ( 39 ) |
| | 36.114 | 35.298 |

Fjárhæðir í þúsundum króna



# SKÝRINGAR

**Vörunotkun**

10. Tóbaksgjald er innheimt við sölu tóbaks og skal skila því mánaðarlega til Tollstjóra. Breytt var um innheimtuaðferð hjá ríkissjóði á árinu 2002 og var tóbaksgjaldið því frá og með árinu 2002 skilgreint sem hluti af kostnaðarverði seldra vara í bókhaldi ÁTVR. Alls námu greiðslur tóbaksgjalds á árinu 2003 3.630 m.kr. en voru á árinu 2002 3.089 m.kr.

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| 11. Sundurliðun vörunotkunar | | |
| Vörunotkun, áfengi | 8.406.761 | 8.156.425 |
| Vörunotkun, tóbak | 4.837.383 | 4.452.340 |
| | 13.244.144 | 12.608.765 |

**Starfsmannamál**

12. Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Laun vegna dagvinnu | 395.730 | 389.650 |
| Yfirvinnulaun með orlofi | 215.697 | 212.287 |
| Áfallið reiknað orlof, hækkun | 20.311 | 2.439 |
| Launatengd gjöld | 109.400 | 102.182 |
| Viðbótarframlag til lífeyrissjóðs | 20.377 | 21.629 |
| | 761.516 | 728.187 |

13. Launagjöld hækka um rúm 4,6% milli ára. Ársverkum hefur fækkað um 3,2%. Til samanburðar hækkaði launavísitala um tæplega 6% á milli áranna 2002 og 2003. Vínbúðum ÁTVR hefur fjölgað á árinu um tvær og afgreiðslutími verslana hefur verið lengdur.

14. Laun stjórnar námu um 2,1 m.kr. og laun forstjóra voru rúmar 7,6 m.kr. Síðari hluta ársins 2003 var forstjóri ÁTVR í námsleyfi og gegndi aðstoðarforstjóri stöðunni á meðan.

15. Reiknuð ársverk á árinu 2003 voru 269 en ársverk reiknuð með sama hætti árið 2002 voru 278.

16. Áunnið orlof starfsmanna til desemberloka er reiknað og fært í ársreikninginn. Það nam 56,4 m.kr. í árslok 2003 og til samanburðar var það 36,1 m.kr. árið áður. Skýringin á þessari miklu hækkun er sú að á árinu 2003 var farið nákvæmlega yfir allan útreikning á orlofi og bætt ofan á launatengdum gjöldum, 18,53%, sem ekki hefur verið gert áður.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

| | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| 17. Sundurliðun fjármunatekna og (fjármagnsgjalda) | | |
| Fjármunatekjur | 50.673 | 66.589 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 25.508 ) | ( 24.180 ) |
| | 25.165 | 42.409 |

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

18. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | **Bifreiðar** | **Fasteignir** | **Innréttingar og annar bún.** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1.1. | 98.578 | 1.215.962 | 799.962 | 2.114.502 |
| Viðbót á árinu | 8.718 | 0 | 74.015 | 82.733 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 5.054 ) | 0 | 0 | ( 5.054 ) |
| Stofnverð 31.12. | 102.242 | 1.215.962 | 873.977 | 2.192.181 |
| | | | | |
| Afskrifað 1.1. | 39.962 | 457.613 | 613.333 | 1.110.908 |
| Afskrifað | 11.512 | 26.644 | 44.012 | 82.168 |
| Selt og niðurlagt á árinu | ( 3.099 ) | 0 | 0 | ( 3.099 ) |
| Afskrifað 31.12. | 48.375 | 484.257 | 657.345 | 1.189.977 |
| | | | | |
| Bókfært verð 31.12. | 53.867 | 731.705 | 216.632 | 1.002.204 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 8-15% | 2-4% | 12-20% | |



Fjárhæðir í þúsundum króna



# SKÝRINGAR



19. Sundurliðun fasteigna:

| | Fasteignamat | Brunabótamat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Álfabakki 14a, Reykjavík | 34.215 | 48.799 | 64.739 |
| Kringlan, Reykjavík | 143.685 | 222.166 | 119.337 |
| Austurstræti 10a, Reykjavík | 68.573 | 55.249 | 60.409 |
| Stuðlaháls 2, Rvk, iðnaðar/vörug. | 258.522 | 376.711 | 85.494 |
| Stuðlaháls 2, Rvk, verslunarhús | 274.051 | 309.280 | 243.122 |
| Hólmgarður 2c, Keflavík | 23.557 | 51.057 | 28.705 |
| Þjóðbraut 13, Akranesi | 9.912 | 23.683 | 11.890 |
| Aðalstræti 20, Ísafirði | 7.341 | 15.332 | 14.268 |
| Eyrargata 23-25, Siglufirði | 9.324 | 34.467 | 5.147 |
| Smáragrund 2, Sauðárkróki | 11.845 | 28.949 | 11.890 |
| Gránufélagsgata 1-3, Akureyri, lóð | 1.222 | 0 | 1.247 |
| Hólabraut 16, Akureyri | 34.082 | 61.191 | 14.013 |
| Hafnargata 11, Seyðisfirði | 5.322 | 26.016 | 2.210 |
| Strandvegur 50, Vestmannaeyjum | 8.769 | 24.462 | 8.853 |
| Vallholt 19, Selfossi | 12.715 | 26.514 | 11.890 |
| Selás 19, Egilsstöðum | 12.596 | 26.329 | 6.089 |
| Miðvangur 2-4, Egilsstöðum | 9.382 | 28.208 | 13.532 |
| Eiðistorg 11, Seltjarnarnesi | 30.599 | 40.392 | 28.870 |
| Samtals | 955.712 | 1.398.805 | 731.705 |

**Eignarhlutar í félögum**

20. ÁTVR á hlut í þremur félögum í árslok. Hlutabréf í Endurvinnslunni hf. eru færð á nafnverði. Eignarhlutinn í Samvinnutryggingum gt. er sömuleiðis á nafnverði, greiddir voru vextir á árinu sem voru notaðir til aukningar á stofnsjóðseigninni. Íslenska fasteignafélaginu ehf. var slitið á árinu 2003 og fengu hluthafar félagsins afhent hlutabréf í Fasteignafélaginu Stoðum hf. sem greiðslu að stærstum hluta. Bréf stofnunarinnar í Fasteignafélaginu Stoðum hf. í árslok eru bókfærð á upprunalegu kaupverði beggja félaganna. Arður fékkst greiddur frá Endurvinnslunni hf. að fjárhæð 750 þús. kr. og frá Fasteignafélaginu Stoðum hf. 15 þús. kr.

Fjárhæðir í þúsundum króna



# SKÝRINGAR



| 21. Eignarhlutar í félögum skiptast þannig: | 2003 Nafnverð | 2003 Bókfært verð | 2002 Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Endurvinnslan hf. | 7.500 | 7.500 | 7.500 |
| Samvinnutryggingar gt. | 152 | 152 | 147 |
| Fasteignafélagið Stoðir hf. | 957 | 3.115 | 502 |
| Íslenska fasteignafélagið ehf. | 0 | 0 | 2.614 |
| | 8.609 | 10.767 | 10.763 |

**Birgðir**

| 22. Birgðir um áramót skiptast í áfengi og umbúðir, tóbak og rekstrarvörur: | 2003 | 2002 |
|---|---|---|
| Áfengi og umbúðir | 700.618 | 640.530 |
| Tóbak | 186.408 | 335.197 |
| Rekstrarvörubirgðir | 4.996 | 4.861 |
| | 892.022 | 980.588 |

**Eigið fé**

23. Yfirlit eiginfjárreikninga:

| | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|
| Jöfnuður 1.1. | 2.132.865 | 2.132.865 |
| Hagnaður skv. rekstrarreikningi | 427.220 | 427.220 |
| Arður til ríkissjóðs | ( 133.000 ) | ( 133.000 ) |
| Eigið fé 31.12. | 2.427.085 | 2.427.085 |

**Skuldbindingar**

24. Skuldbindingar Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins vegna eftirlauna núverandi og fyrrverandi starfsmanna voru gerðar upp á árinu 1999. Skuldbindingar sem falla til árlega, eru gerðar upp við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins jafnóðum. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri sjóðsins eru áfallnar lífeyrisskuldbindingar í lok ársins 2003 32,3 m.kr. og voru á árinu greiddar af þeim 23,8 m.kr. Í árslok eru því ógreiddar 8,5 m.kr.

Í gildi eru 30 húsaleigusamningar og 24 samstarfssamningur.



**Kennitölur**

25. Afkomu- og fjárhagsyfirlit síðustu fimm ára. Fjárhæðir eru á verðlagi hvers árs og eru í millj. króna.

| | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur:** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 14.974 | 14.380 | 13.326 | 12.286 | 11.782 |
| Rekstrargjöld | ( 14.490 ) | ( 13.846 ) | ( 10.389 ) | ( 9.197 ) | ( 8.508 ) |
| R.hagn f. afskr. | 484 | 534 | 2.937 | 3.089 | 3.274 |
| Afskriftir | ( 82 ) | ( 63 ) | ( 59 ) | ( 51 ) | ( 49 ) |
| Rekstrarhagnaður | 402 | 471 | 2.878 | 3.038 | 3.225 |
| Hreinar fjárm.tekjur | 25 | 42 | ( 56 ) | 2 | ( 30 ) |
| Hagnaður ársins | 427 | 513 | 2.822 | 3.040 | 3.195 |
| **Efnahagur:** | | | | | |
| Fastafjármunir | 1.013 | 1.015 | 996 | 865 | 862 |
| Veltufjármunir | 2.398 | 2.223 | 2.069 | 1.793 | 1.883 |
| Eignir alls | 3.411 | 3.238 | 3.065 | 2.658 | 2.745 |
| Eigið fé | 2.427 | 2.133 | 1.899 | 1.839 | 1.844 |
| Langtímaskuldir | 0 | 0 | 0 | 0 | 105 |
| Skammtímaskuldir | 984 | 1.105 | 1.166 | 819 | 796 |
| Eigið fé og skuldir alls | 3.411 | 3.238 | 3.065 | 2.658 | 2.745 |

26. Helstu kennitölur um afkomu og fjárhagsstöðu félagsins á síðustu fimm árum:

| | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 |
|---|---|---|---|---|---|
| Rek.hagn.f.afskr./EBITDA | 3,2% | 3,7% | 22,0% | 25,1% | 27,8% |
| Veltufjárhlutfall | 2,44 | 2,01 | 1,77 | 2,19 | 2,37 |
| Eiginfjárhlutfall | 0,71 | 0,66 | 0,62 | 0,69 | 0,67 |
| Arðsemi eigin fjár | 20,0% | 27,0% | | | |



# SUNDURLIÐANIR



| **Hluti ríkissjóðs af brúttósölu ÁTVR:** | **2003** | **2002** |
|---|---|---|
| Magngjald tóbaks | 3.630.468 | 3.088.729 |
| Arður til ríkissjóðs | 133.000 | 280.000 |
| Áfengisgjald* | 5.071.708 | 4.865.704 |
| Virðisaukaskattur | 4.030.988 | 3.986.019 |
| | 12.866.164 | 12.220.452 |

* Áfengisgjald sem hér er tilgreint er reiknað út eftir seldu magni

**Sala áfengis 1999-2003 í þúsundum lítra:**

| | 1999 | % af heild | 2000 | % af heild | 2001 | % af heild | 2002 | % af heild | 2003 | % af heild |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildarsala áfengis | 11.619 | | 12.384 | | 13.291 | | 14.191 | | 14.770 | |
| Létt vín <15% alk. | 1.550 | 13,34% | 1.728 | 13,95% | 1.992 | 14,99% | 2.277 | 16,05% | 2.531 | 17,14% |
| Styrkt vín 15-22% alk. | 173 | 1,49% | 174 | 1,41% | 181 | 1,36% | 178 | 1,25% | 164 | 1,11% |
| Sterkt áfengi >22% alk. | 804 | 6,92% | 800 | 6,46% | 801 | 6,03% | 767 | 5,40% | 678 | 4,59% |
| Bjór | 9.092 | 78,25% | 9.681 | 78,17% | 10.317 | 77,62% | 10.969 | 77,30% | 11.397 | 77,16% |
| Léttvín og bjór samtals | 10.642 | 91,59% | 11.409 | 92,13% | 12.309 | 92,61% | 13.246 | 93,34% | 13.928 | 94,30% |
| Sterkt áfengi og styrkt vín samtals | 977 | 8,41% | 974 | 7,86% | 982 | 7,39% | 945 | 6,66% | 842 | 5,70% |

**Sala áfengis 1999-2003 í þúsundum lítra og breyting á milli ára:**

| | Heildarsala áfengis | Breyting í % | Létt vín <15% alk. | Breyting í % | Styrkt vín 15-22% alk. | Breyting í % | Sterkt áfengi >22% alk. | Breyting í % | Bjór | Breyting í % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 11.619 | | 1.550 | | 173 | | 804 | | 9.092 | |
| 2000 | 12.384 | 6,58% | 1.728 | 11,48% | 174 | 0,58% | 800 | -0,50% | 9.681 | 6,48% |
| 2001 | 13.291 | 7,32% | 1.992 | 15,28% | 181 | 4,02% | 801 | 0,12% | 10.317 | 6,57% |
| 2002 | 14.191 | 6,77% | 2.277 | 14,31% | 178 | -1,66% | 767 | -4,24% | 10.969 | 6,47% |
| 2003 | 14.770 | 4,08% | 2.531 | 11,16% | 164 | -7,87% | 678 | -11,60% | 11.397 | 3,90% |

Fjárhæðir í þúsundum króna





**Sala áfengis með virðiskaukaskatti:**

| | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| Vínbúðin Akranesi | 179.568 | 175.749 | 166.961 |
| Vínbúðin Akureyri | 734.647 | 711.708 | 631.137 |
| Vínbúðin Austurstræti | 458.278 | 487.017 | 519.072 |
| Vínbúðin Blönduósi | 67.114 | 66.270 | 62.267 |
| Vínbúðin Borgarnesi | 191.193 | 177.198 | 163.267 |
| Vínbúðin Búðardal | 20.614 | 20.211 | 18.428 |
| Vínbúðin Dalvegi | 901.727 | 860.474 | 702.880 |
| Vínbúðin Dalvík | 70.300 | 66.902 | 63.734 |
| Vínbúðin Djúpavogi | 11.441 | 8.707 | |
| Vínbúðin Egilsstöðum | 182.710 | 151.015 | 135.401 |
| Vínbúðin Eiðistorgi | 607.620 | 601.720 | 573.899 |
| Vínbúðin Fáskrúðsfirði | 25.723 | 22.871 | 20.744 |
| Vínbúðin Garðabæ | 256.049 | 255.026 | 173.955 |
| Vínbúðin Grindavík | 49.603 | 49.270 | 45.779 |
| Vínbúðin Grundarfirði | 24.131 | 26.142 | 3.838 |
| Vínbúðin Hafnarfirði | 603.448 | 613.475 | 614.654 |
| Vínbúðin Heiðrún | 1.569.305 | 1.573.418 | 1.568.516 |
| Vínbúðin Holtagörðum | 970.124 | 989.102 | 1.017.995 |
| Vínbúðin Húsavík | 96.468 | 92.831 | 88.826 |
| Vínbúðin Hvammstanga | 25.950 | 25.939 | 24.967 |
| Vínbúðin Hvolsvelli | 90.439 | 84.634 | 67.719 |
| Vínbúðin Höfn | 81.039 | 85.020 | 80.539 |
| Vínbúðin Ísafirði | 190.682 | 187.282 | 180.364 |
| Vínbúðin Keflavík | 386.345 | 380.865 | 367.983 |
| Vínbúðin Kringlunni | 1.114.090 | 983.890 | 862.589 |
| Vínbúðin Mjódd | 500.078 | 525.128 | 543.750 |
| Vínbúðin Mosfellsbæ | 265.612 | 269.494 | 339.933 |
| Vínbúðin Neskaupstað | 58.865 | 56.658 | 55.050 |
| Vínbúðin Ólafsvík | 46.918 | 47.976 | 55.855 |
| Vínbúðin Patreksfirði | 46.026 | 45.418 | 43.845 |
| Vínbúðin Sauðárkróki | 150.574 | 148.917 | 135.284 |
| Vínbúðin Selfossi | 463.843 | 462.191 | 434.750 |
| Vínbúðin Seyðisfirði | 25.163 | 28.849 | 25.565 |
| Vínbúðin Siglufirði | 54.769 | 51.020 | 48.253 |
| Vínbúðin Smáralind | 497.824 | 393.107 | 106.085 |
| Vínbúðin Spönginni | 346.266 | 335.503 | 216.490 |
| Vínbúðin Stykkishólmi | 38.635 | 43.361 | 42.671 |
| Vínbúðin Vestmannaeyjum | 164.379 | 166.423 | 162.662 |
| Vínbúðin Vík | 11.919 | | |
| Vínbúðin Vopnafirði | 20.677 | 22.437 | 21.580 |
| Vínbúðin Þorlákshöfn | 17.722 | | |
| Vínbúðin Þórshöfn | 21.340 | 19.880 | 18.679 |
| **Samtals** | 11.639.221 | 11.313.099 | 10.405.963 |
| **Sala án vsk.** | 9.349.189 | 9.087.600 | 8.358.295 |

Fjárhæðir í þúsundum króna



# SUNDURLIÐANIR



**Sala tóbaks með virðisaukaskatti:**

| | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| Vínbúðin Akranesi | 146.746 | 140.557 | 129.494 |
| Vínbúðin Akureyri | 412.236 | 389.188 | 404.932 |
| Vínbúðin Austurstræti | 135.920 | 121.129 | 97.492 |
| Vínbúðin Blönduósi | 48.080 | 44.035 | 46.982 |
| Vínbúðin Borgarnesi | 107.699 | 96.116 | 90.750 |
| Vínbúðin Dalvík | 42.177 | 25.917 | 13.197 |
| Vínbúðin Egilsstöðum | 108.962 | 95.156 | 90.836 |
| Vínbúðin Eiðistorgi | 199.243 | 190.905 | 183.656 |
| Vínbúðin Hafnarfirði | 281.913 | 266.340 | 221.523 |
| Vínbúðin Heiðrún | 3.923.752 | 3.702.132 | 3.493.667 |
| Vínbúðin Húsavík | 91.421 | 85.342 | 77.673 |
| Vínbúðin Höfn | 67.071 | 64.502 | 56.162 |
| Vínbúðin Ísafirði | 131.260 | 124.199 | 120.638 |
| Vínbúðin Keflavík | 419.586 | 415.780 | 390.481 |
| Vínbúðin Neskaupstað | 46.500 | 33.829 | 33.511 |
| Vínbúðin Ólafsvík | 67.650 | 70.230 | 64.959 |
| Vínbúðin Patreksfirði | 45.129 | 36.755 | 32.075 |
| Vínbúðin Sauðárkróki | 99.441 | 93.786 | 84.307 |
| Vínbúðin Selfossi | 369.059 | 341.466 | 325.501 |
| Vínbúðin Seyðisfirði | 19.824 | 19.003 | 18.988 |
| Vínbúðin Siglufirði | 41.842 | 37.789 | 35.049 |
| Vínbúðin Stykkishólmi | 23.719 | 23.448 | 21.965 |
| Vínbúðin Vestmannaeyjum | 128.917 | 126.363 | 117.029 |
| **Samtals** | 6.958.146 | 6.543.970 | 6.150.866 |
| **Sala án vsk.** | 5.589.136 | 5.256.903 | 4.941.025 |

| **Selt magn tóbaks:** | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| Vindlingar (karton) | 1.585.459 | 1.689.275 | 1.718.078 |
| Vindlar (stk.) | 12.105.533 | 11.920.975 | 11.834.277 |
| Reyktóbak (kg) | 8.666 | 8.976 | 8.441 |
| Nef- og munntóbak (kg) | 11.660 | 10.874 | 10.245 |

Fjárhæðir í þúsundum króna





**Sala áfengis í lítrum talið:**

| | 2003 | 2002 | 2001 |
|---|---|---|---|
| Rauðvín | 1.468.450 | 1.323.061 | 1.140.833 |
| Hvítvín | 511.454 | 454.211 | 413.470 |
| Rósavín | 112.345 | 112.346 | 124.502 |
| Freyðivín | 101.212 | 102.375 | 103.540 |
| Styrkt vín | 67.427 | 72.902 | 74.703 |
| Ávaxtavín | 59.843 | 43.628 | 42.802 |
| Brandí | 61.865 | 66.295 | 65.824 |
| Ávaxtabrandí | 1.114 | 1.268 | 1.176 |
| Viskí | 90.995 | 100.230 | 104.612 |
| Romm | 68.699 | 78.434 | 87.085 |
| Tequila og Mezcal | 2.682 | 3.408 | 4.199 |
| Ókryddað brennivín og vodka | 299.286 | 339.532 | 352.101 |
| Gin & sénever | 64.883 | 72.000 | 72.514 |
| Snafs | 35.781 | 41.849 | 44.466 |
| Líkjör | 102.697 | 114.940 | 117.894 |
| Bitterar, kryddvín, aperitífar | 66.954 | 74.895 | 78.503 |
| Blandaðir drykkir | 257.402 | 220.413 | 146.128 |
| Lagerbjór | 11.294.418 | 10.893.507 | 10.247.275 |
| Öl | 86.293 | 62.576 | 57.021 |
| Aðrar bjórtegundir | 15.800 | 12.975 | 12.678 |
| Niðurlagðir ávextir | 26 | 43 | 59 |
| **Samtals** | 14.769.626 | 14.190.888 | 13.291.382 |



# SUNDURLIÐANIR



**Áfengisverð í árslok 1989-2003:**

**Umreiknað eftir lánskjaravísitölu til verðlags ársloka 2003**

| Árslok | Hvítvín<br>Ellerer Engelst | Rauðvín<br>St.Émilion | Sérrí<br>Dry Sack | Brennivín<br>Brennivín | Vodka<br>Stolichnaja | Viskí<br>Chivas Regal | Bjór<br>Egill Gull fl. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1989 | 932 | 1547 | 1747 | 2329 | 2944 | 4508 | 1148 |
| 1990 | 890 | 1641 | 1856 | 2439 | 3022 | 4786 | 1120 |
| 1991 | 835 | 1543 | 1812 | 2407 | 3058 | 4743 | 1090 |
| 1992 | 937 | 1706 | 1957 | 2516 | 3173 | 4571 | 1202 |
| 1993 | 1042 | 1705 | 1948 | 2652 | 3044 | 4478 | 1082 |
| 1994 | 1030 | 1713 | 1900 | 2623 | 3024 | 4456 | 1070 |
| 1995 | 1013 | 1789 | 1881 | 2828 | 2973 | 4236 | 1039 |
| 1996 | 925 | 1580 | 1746 | 2877 | 2992 | 4122 | 1014 |
| 1997 | 858 | 1514 | 1678 | 3016 | 2978 | 4329 | 997 |
| 1998 | 1061 | 1610 | 1885 | 3071 | 2934 | 4357 | 986 |
| 1999 | 1008 | 1601 | 1803 | 2918 | 2835 | 4140 | 961 |
| 2000 | 999 | 1532 | 1770 | 2792 | 2826 | 4017 | 946 |
| 2001 | 997 | 1469 | 1774 | 2718 | 2718 | 3978 | 955 |
| 2002 | 974 | 1435 | 1476 | 3065 | 2860 | 3988 | 873 |
| 2003 | 890 | 1400 | 1490 | 3010 | 2850 | 3990 | 930 |

**Áfengisverð umreiknað samkvæmt lánskjaravísitölu:**

**Verð hverrar tegundar sett 100 í árslok 1989**

| Árslok | Hvítvín<br>Ellerer Engelst | Rauðvín<br>St.Émilion | Sérrí<br>Dry Sack | Brennivín<br>Brennivín | Vodka<br>Stolichnaja | Viskí<br>Chivas Regal | Bjór<br>Egill Gull fl. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1989 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 |
| 1990 | 96 | 106 | 106 | 105 | 103 | 106 | 98 |
| 1991 | 90 | 100 | 104 | 103 | 104 | 105 | 95 |
| 1992 | 101 | 110 | 112 | 108 | 108 | 101 | 105 |
| 1993 | 112 | 110 | 112 | 114 | 103 | 99 | 94 |
| 1994 | 111 | 111 | 109 | 113 | 103 | 99 | 93 |
| 1995 | 109 | 116 | 108 | 121 | 101 | 94 | 91 |
| 1996 | 99 | 102 | 100 | 124 | 102 | 91 | 88 |
| 1997 | 92 | 98 | 96 | 130 | 101 | 96 | 87 |
| 1998 | 114 | 104 | 108 | 132 | 100 | 97 | 86 |
| 1999 | 108 | 104 | 103 | 125 | 96 | 92 | 84 |
| 2000 | 107 | 99 | 101 | 120 | 96 | 89 | 82 |
| 2001 | 107 | 95 | 102 | 117 | 92 | 88 | 83 |
| 2002 | 105 | 93 | 85 | 132 | 97 | 88 | 76 |
| 2003 | 96 | 90 | 85 | 129 | 97 | 89 | 81 |

Fjárhæðir í þúsundum króna

**Tíu söluhæstu tegundir eftir helstu vöruflokkum.**

| Rauðvín | Ml | Lítrar |
|---|---|---|
| Pasqua Cabernet Merlot Venezie | 3000 | 74.094 |
| Le Cep Merlot | 3000 | 65.136 |
| Le Cep Chilean Cabernet Sauvignon | 3000 | 62.748 |
| Drostdy-Hof Cape Red | 3000 | 45.486 |
| Jean-Claude Pepin Herault | 3000 | 42.066 |
| Pasqua Merlot delle Venezie | 1500 | 37.928 |
| Concha y Toro Sunrise Cabernet Sauvignon | 750 | 36.257 |
| Bodegas Hijos de Alberto Gutierrez | 5000 | 34.330 |
| Carlo Rossi California Red | 1500 | 31.988 |
| Concha y Toro Frontera Cabernet Sauvignon | 3000 | 27.522 |
| Samtals 10 söluhæstu | | 457.555 |
| Heildarsala rauðvíns | | 1.468.450 |
| Hlutfall | | 31% |

| Hvítvín | Ml | Lítrar |
|---|---|---|
| JCP Herault Blanc | 3000 | 31.239 |
| Carlo Rossi California White | 1500 | 28.011 |
| Le Cep Italian Chardonnay | 3000 | 17.547 |
| Concha y Toro Sunrise Chardonnay | 750 | 17.282 |
| Lion d'Or | 1500 | 16.460 |
| Jacob's Creek Chardonnay | 750 | 15.801 |
| Guntrum Riesling Royal Blue | 750 | 15.430 |
| Pasqua Pinot Grigio delle Venezie La Rovere | 1500 | 14.814 |
| Barramundi Semillon Chardonnay | 3000 | 13.434 |
| JCP Herault Blanc | 5000 | 12.800 |
| Samtals 10 söluhæstu | | 182.818 |
| Heildarsala hvítvíns | | 511.454 |
| Hlutfall | | 36% |

| Bjór | Ml | Lítrar |
|---|---|---|
| Víking | 500 | 1.773.592 |
| Thule | 500 | 1.012.260 |
| Egils Gull | 500 | 877.703 |
| Faxe Premium | 500 | 717.503 |
| Tuborg | 500 | 640.456 |
| Heineken | 500 | 570.845 |
| Carlsberg | 500 | 559.875 |
| Thule | 500 | 389.839 |
| Beck's | 500 | 315.255 |
| Víking Lite | 500 | 251.484 |
| Samtals 10 söluhæstu | | 7.108.812 |
| Heildarsala bjórs | | 11.396.511 |
| Hlutfall | | 62% |

| Sterk vín | Ml | Lítrar |
|---|---|---|
| Smirnoff | 1000 | 44.912 |
| Smirnoff | 500 | 32.949 |
| Finlandia | 500 | 27.961 |
| Finlandia | 1000 | 25.644 |
| Captain Morgan Spiced Rum | 750 | 25.280 |
| Smirnoff | 700 | 24.613 |
| Borzoi | 500 | 21.507 |
| Koskenkorva | 350 | 19.560 |
| Captain Morgan Spiced Rum | 375 | 18.268 |
| Tindavodka | 1000 | 14.977 |
| Samtals 10 söluhæstu | | 255.671 |
| Heildarsala sterkra vína | | 678.238 |
| Hlutfall | | 38% |

| Freyðivín | Ml | Lítrar |
|---|---|---|
| Gancia Asti | 750 | 20.843 |
| Santero Moscato Spumante | 750 | 14.112 |
| Freixenet Cordon Negro Seco | 750 | 12.119 |
| Codorniu Clasico Semi-Seco | 750 | 6.508 |
| Santero Asti | 750 | 4.772 |
| Henkell Trocken | 750 | 4.435 |
| Martini Asti | 750 | 4.397 |
| Freixenet Carta Nevada Semi-Seco | 750 | 3.212 |
| Maschio Prosecco di Coneglioni | 750 | 2.502 |
| Veuve Clicquot Ponsardin Brut | 750 | 2.455 |
| Samtals 10 söluhæstu | | 75.355 |
| Heildarsala freyðivíns | | 101.212 |
| Hlutfall | | 74% |

| Rósavín | Ml | Lítrar |
|---|---|---|
| Carlo Rossi California Rose | 1500 | 50.040 |
| Riunite Blush | 1500 | 16.475 |
| Carlo Rossi California Rose | 750 | 11.726 |
| Riunite Blush Bianco | 750 | 9.859 |
| Jean-Claude Pepin Rosé | 3000 | 8.913 |
| Mateus | 750 | 4.502 |
| Mateus | 1500 | 3.068 |
| Rene Barbier Rosado | 3000 | 2.541 |
| Beringer Zinfandel Blush | 750 | 1.064 |
| Mateus | 375 | 662 |
| Samtals 10 söluhæstu | | 108.850 |
| Heildarsala rósavíns | | 112.345 |
| Hlutfall | | 97% |

| Blandaðir drykkir | Ml | Lítrar |
|---|---|---|
| Bacardi Breezer Pineapple | 275 | 54.929 |
| Bacardi Breezer Lemon | 275 | 32.838 |
| Bacardi Breezer Orange | 275 | 30.976 |
| Smirnoff Ice | 275 | 28.262 |
| WKD Vodka Ice | 330 | 19.283 |
| Woody's Strawberry Lemon | 275 | 15.292 |
| Bacardi Breezer Lime | 275 | 10.612 |
| Woody's Mexican Lime | 275 | 9.269 |
| Woody's Ice Blueberry | 275 | 6.241 |
| Smirnoff Ice | 275 | 5.932 |
| Samtals 10 söluhæstu | | 213.634 |
| Heildarsala blandaðra drykkja | | 257.402 |
| Hlutfall | | 83% |



Fjárhæðir í þúsundum króna

# SUNDURLIÐANIR



ÁFENGISSALA

Sala 2003 14.770 þús. ltr.




ÁFENGISSALA MÆLD Í HREINUM VÍNANDA

Sala 2003 1.158 þús. alk. ltr.






HEILDARSALA RAUÐVÍNS Í LÍTRUM,
SKIPTING EFTIR LÖNDUM




HEILDARSALA HVÍTVÍNS Í LÍTRUM,
SKIPTING EFTIR LÖNDUM



# SUNDURLIÐANIR



VERÐLAGNING ÁFENGIS

RAUÐVÍN 12,5%, 750 ML




BJÓR 5%, 500 ML




VERÐLAGNING ÁFENGIS

VODKI 37,5%, 700 ML




KONÍAK 40%, 700 ML




* Innkaupsverð án áfengis og skilagjalda
** Skattar eru áfengisgjald, virðisaukaskattur og skilagjald.





SKIPTING ÁFENGISSÖLU

Heildarvelta 11,6 ma.kr.




SKIPTING BJÓRSÖLU

Sala 2003 1.397 þús. ltr.



# SUNDURLIÐANIR



SKIPTING TÓBAKSSÖLU

Heildarvelta 7 ma.kr




SALA VINDLINGA Á MANN, 15 ÁRA OG ELDRI

